

Nr. 11/1875:

Jón Ólafsson

gegn

landshöfðingja H. Finsen,

Dómur.

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 17. júlí 1873 af sýslumanni H. Clausen sem setudómara, er þá verandi ritstjóri blaðsins «Gönguhrólf», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir ærumeiðandi sakargiptir og ummæli um landshöfðingja H. Finsen í tölublaðinu 11. og 12. í fyrsta ári tjeðs blaðs, út komnu 29. maí s. á., til að sæta einföldu fangelsi í eitt ár og til að lúka allan af sökinni löglega leiðandi kostnað, eins og hún, hvað sækjanda fyrir undirrettinum snertir, eigi hefði verið gjafsóknarmál, og þar á meðal málssóknarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, 6 rdl., og auk þessa skyldu hinar ærumeiðandi sakargiptir og vansæmandi orðatiltæki, er sækjandinn þar hafði gjört að kæruefni, vera dauð og ómerk. Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. júní 1875, eptir þar til fengnu leyfi 18. s. m., og krafizt, að fangelsishegningin mætti burt falla, og hann að öðru leyti fá svo mildan dóm, er lög leyfðu. Hins vegar hefur hinn stefndi, er fengið hefur gjafsókn við yfirdóminn, krafizt, að annað hvort yrði dómurinn staðfestur, eða þá áfrýjandi dæmdur í hæfilega fjársekt.

Sakargiptir þær og meiðyrði í áminnstu tölublaði, er áfrýjandinn einkum var kærður fyrir, eru þessi: að það hafi rætt á landshöfðingja-tetrinu, að sannleik-anum yrði hver sárreiðastur; að hann á sáttafundi hefði hegðað sjer líkara óvönduðum götudreng, heldur en því, er við hefði mátt búast af æðsta embættismanni landsins; það hefði ekki verið því að heilsa,

að hann hegðaði sjer sem siðaðra manna háttur er; hann hafi farið að segja sjer æfisögu sína (áfrýjandans), en flest af því hafi verið logið; «eg vona, að enginn sje svo ósvífinn, jafnvel ekki Hilmar Finsen»; «eg segi því hjer, að í þessari umræddu klögun» (e: landshöfðingjans yfir fyr verandi yfirdómara Benidikt Sveinssyni)» finnist lognar sakargiptir, og síðan segir hann á fleirum stöðum, að þessar landshöfðingjans sakargiptir, er ollu afsetningu nefnds dómara, hafi verið lognar. Og seinast segir hann i enda greinarinnar: «það er ekki mjer að kenna, þótt illa dauni af saurnum, þegar við honum er hreift, en máske þetta leiði til þess, að eitthvað verði hreift upp í svínariinu» Að visu fram lagði áfrýjandinn fyrir undirrettinum eptirrit af nokkrum köflum úr áminnstri klögun landshöfðingjans, sjer til rjettlættingar, en eins og enginn af þeim getur sjeð, að klagan hafi haft lognar sakargiptir inni að halda, svo hefur áfrýjandinn ekki reynt að sanna það á annan hátt.

Það er nú auðsætt, að þessar sakargiptir og ummæli áfrýjanda eru mjög ærumeidandi fyrir hinn stefnda, og því hegningarverðari, sem þeim er ástæðulaust beitt móti ædsta embættismanni landsins, og hefur undirdómarinn rjettilega álitid, að brot áfrýjanda hlýddi undir 218. smbr. 217. grein hegningarlaganna. Talsmaður áfrýjandans hjer fyrir rjettinum hefur nú viljað mæla honum það til linkindar, að veturinn og vorid 1873 hafi hjer á landi verið miklar pólitiskar hreifingar og æsingar, sem að nokkru leyti hafi gengið út á óánægju með landshöfðingjaembættið og ýmsar aðrar stjórnarráðstafanir, en undir þess háttar kringumstæðum beinist optast alþýða að þeim, er við stýrið sitja. Þessi almenna afvegaleidda skoðun manna hafi þá hrifið áfrýjandann með sjer, sem bæði hafi verið ungur og ó-



þroskaður, til að skrifa það, er hann gjörði, en sem sjer sje kunnugt að hann eptir á hafi iðrað og nú iðri. Þegar nú haft er tillit til þessa, sem ekki sýnist vera ástæðulaust, sem og til þess, að grein þessi í Göngu-  
hrólfi er áframhald af annari, er stóð í 10. tölublaði og sem áfrýjandinn er dæmdur fyrir, þá virðist brot þetta geta afplánast með sekt, er með hliðsjón af 60. grein hegningarláganna virðist hæfilega ákveðin 600 kr., og renni í landssjóð, en lúki hann eigi sekt þessa í ákveðinn tíma, ber að setja hann í einfalt fangelsi í 25 vikur. Að öðru leyti ber að staðfesta undirrettar-  
dóminn, svo ber áfrýjandanum og að lúka allan af á-  
frýjun málsins löglega leiðandi kostnað, sem málið eigi væri gjafsóknarmál frá hálfu hins stefnda, og þar á meðal 20 krónur til talsmanns landshöfðingjans við yfirdóminn.

Að því leyti sem málið hefir verið gjafsóknar-  
mál við undir- og yfirrettinn, vottast, að meðferð þess og flutningur hefur verið lögmatúr.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a .

Áfrýjandinn Jón Ólafsson á að lúka 600 króna sekt til landssjóðs; en lúki hann hana eigi í ákveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 25 vikur. Hinar ákærðu ærumeiðandi sakargiptir og ummæli eiga að vera ómerk. Svo ber og áfrýjandanum að lúka allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eins og málið eigi hefði verið gjafsóknarmál af hálfu hins stefnda, og þar á meðal laun til hinna skipuðu talsmanna hins stefnda við yfir- og undirdóminn, Páls málaflutningsmanns Melsteðs og Jóns lands-  
höfðingjaritara Jónssonar, 20 krónur til hins fyr-

nefnda og 12 krónur til hins síðarnefnda, fyrir flutning þeirra á málinu.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

No 2/1876:

Akureyrarkaupstaður  
gegn  
Hrafnagilshreppi.

Dómur.

Með því að mál þetta er höfðað út af ágreiningi milli tveggja sveitarfjelaga um framfærsluhrepp sveitarómaga, og úrslit slíkra mála að lögum, sjá reglugjörð 8. janúar 1834, 3. gr., bera undir valdstjórnina, en ekki undir dómstólana, án þess að það geti komið til greina, hvort skyldan að framfæra sveitarómagann á rót sína í fyrirmælum laganna eða samningi milli hlutaðeigandi sveitarfjelaga, þá ber að dæma dóm þann, sem genginn er í málinu í hjerði, ómerkan, og að vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður.

Að því leyti sem mál þetta er gjafsóknarmál, hefir það í hjerði verið rekið með tilbærilegum hraða og flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi undirrjettardómur á ómerkur að vera, og vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.